

Efnahagsreikningur 31. desember 1991.**Eignir:**

Innstæða í Seðlabanka Íslands	386 615
Áfallnir vextir	523 514
Verðbréf	1 073 720 105
	1 074 630 234

Eigið fé:

Frá fyrra ári	773 752 238
Hreinar tekjur skv. rekstrarreikningi	241 719 217
Verðbreytingagjöld	59 158 779
	1 074 630 234

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Tryggingasjóð viðskiptabanka höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1991, efnahagsreikningi 31. desember 1991, ásamt skýringum. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir sem nauðsynlegar þóttu.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag sjóðsins fyrir árið 1991.

Reykjavík, 14. febrúar 1992,

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

Áritun stjórnar

Reykjavík, 31. mars 1992,

Arnlfjótur Björnsson.

Ólafur Örn Ingólfsson.

Valur Valsson.

Staðfesting viðskiptaráðherra
Viðskiptaráðuneytið, 2. apríl 1992.
Jón Sigurðsson.

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð Guðbjargar Þorleifsdóttur og
Túbals Karls Magnússonar.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðbjargar Þorleifsdóttur og Túbals Karls Magnússonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 600 000 sem er framlag stofnanda hans Soffíu Túbals. Stofnféð skal haldast óskert. Sjóðinn skal ávaxta á tryggan og ábyrgan hátt.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að standa straum af viðhaldi og umsjón með grafreitnum við bæinn Múlakot í Fljótshlíð (Vesturbæ). Til þess skal varið tekjum sjóðsins samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé.

Öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast, má eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar verja til meiri háttá framkvæmda til endurbóta á grafreitnum. Ellegar skal leggja það við stofné.

5. gr.

Sjóðsstjórnina skipa Elín Soffía Ólafsdóttir, Guðbjörg K. Hjörleifsdóttir, Jón Eyjólfur Jónsson og Þórey Vigdís Ólafsdóttir. Falli einhver þeirra úr stjórninni skulu þeir sem eftir eru skipa annan í hans stað. Verði sjóðurinn án stjórnar skipar dómsmálaráðuneytið stjórnarmenn.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur árlega reikninga sjóðsins. Skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum sem sjóðsstjórnin tilnefnir.

7. gr.

Samþykki meirihluta sjóðsstjórnar þarf til breytinga á skipulagsskrá þessari. Verði samþykkt að leggja sjóðin niður skal fé hans renna til Garðyrkjufélags Íslands.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 14. mars 1993.

Soffía Túbals.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. mars 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Jónsson.

Jón Thors.